

Ráðningarsamningur

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar f.h Seyðisfjarðarkaupstaðar kt. 560269-4559 og Vilhjálmur Jónsson kt. 220360-4749 gera með sér svofelldan ráðningarsamning:

1. gr. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ræður Vilhjálm Jónsson til að gegna starfi bæjarstjóra og hafnarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar. Ráðning Vilhjálms er frá 20. júní 2014 samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 19. júní 2014. Ráðningartíma lýkur án uppsagnar við lok yfirstandandi kjörtímabils.
2. gr. Bæjarstjóri fær greidd föst mánaðarlaun, kr. 747.500,-. Laun taka breytingum í samræmi við meðalbreytingu launatöflu í samningi Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi við Samband íslenskra sveitarfélaga, þó ekki fyrr en frá og með 1. janúar 2015. Upplýsingar til staðfestingar verða fengnar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Um er að ræða heildarlaun og ekki koma til sérstakar greiðslur vegna yfirvinnu eða setu í nefndum.
3. gr. Bæjarstjóri á fyllsta orlofs-, veikinda- og lífeyrisrétt og greiðir bæjarsjóður framlag í þann lífeyrissjóð sem bæjarstjóri kýs að vera í.
4. gr. Bæjarsjóður kaupir slysatryggingu fyrir bæjarstjóra skv. gildandi almennum skilmálum um atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.
5. gr. Samningur þessi ásamt viðaukum gildir til loka yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar. Báðum aðilum er heimilt á samningstímanum að segja samningnum upp með að lágmarki þriggja mánaða fyrirvara.
6. gr. Um annað er ráðningu og starfið varðar og ekki kemur fram í samningi og viðaukum fer eftir samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi.

F.h.
Seyðisfjarðarkaupstaðar

13. ágúst 2014


Arnbjörg Sveinsdóttir
forseti bæjarstjórnar


Vilhjálmur Jónsson


Elfa Hlín Pétursdóttir
varaforseti bæjarstjórnar

Viðaukar með ráðningarsamningi

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar kt. 560269-4559 og Vilhjálmur Jónsson kt. 220360-4749 gera með sér svofelldan viðauka við ráðningarsamning:

Viðauki 1.

Seyðisfjarðarkaupstaður greiðir farsímanotkun bæjarstjóra ásamt kr. 5.000,- vegna kostnaðar við nettengingu á heimili hans.

Viðauki 2.

Bæjarstjóri fær greiddan ferðakostnað samkvæmt reikningum eða dagpeninga vegna ferðalaga innanlands eða erlendis vegna starfsins. Um greiðslur vegna slíkra ferða skal farið eftir reglum um greiðslu ferðakostnaðar á vegum ríkisins nú nr. 1/2009 og fjárhæð dagpeninga skal miðast við ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar ríkisins sbr. nú auglýsingu nr. 1/2014 og nr. 3/2013

Bæjarstjóri fær greitt fyrir akstur á eigin bifreið vegna starfsins. Bæjarstjóri metur sjálfur þörf á akstri vegna starfsins. Greitt er samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins gjald á ekinn kílómetra, nú sbr. auglýsingu nr. 1/2013.

Seyðisfjarðarkaupstaður greiðir útlagðan starfstengdan kostnað bæjarstjóra samkvæmt framlögðum gögnum. Formaður bæjarráðs staðfestir reikninga fyrir útlögðum kostnaði þar að lútandi.


F.h.

Seyðisfjarðarkaupstaður

13. ágúst 2014


Arnbjörg Sveinsdóttir
forseti bæjarstjórnar


Vilhjálmur Jónsson


Elfa Hlín Pétursdóttir
varaforseti bæjarstjórnar